

# Umsögn

Til: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar  
Dags: 30.nóvember 2023  
Mnr. 2023010001



ÍSAFJARÐARBÆR

## Umsögn bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um mál 468: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.).

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjallaði um frumvarp til laga um skatta og gjöld o.fl. á 1263. fundi sínum þann 20. nóvember 2023.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á að gistináttaskatturinn renni til sveitarfélaga eins og boðað er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Með þeirri ráðstöfun er hægt að byggja upp sterkari innviði á ferðamannastöðum.

Varðandi grein 3.6 í frumvarpinu um afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa í siglingum innan íslenskrar lögsögu þá geldur Ísafjarðarbær varhug við því og hefur verulegar áhyggjur af afleiðingum slíkrar ákvörðunar. Það vekur undrun að þessi grein skuli birtast í frumvarpinu þar sem ekki var minnst á þessa breytingu í áformum um lagasetningu sem kynnt voru í lok september. Þannig má leiða líkum að því að áhrif af slíkri lagasetningu séu ekki nægjanlega vel grunduð.

Mikil hættu er á að skemmtiferðaskip hætti svokölluðum hringsiglingum við Ísland ef þetta verður að veruleika, sem gætti leitt til þess að viðkomuhöfnum skipa fækkar. Þetta gæti fyrst og fremst haft áhrif á leiðangursskip sem hafa haft viðkomu í minni höfnum landsins. Þessu til stuðnings er vísað til umsagnar frá AECO, samtökum minni leiðangursskipa á norðurslóðum um sama mál.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um „hótelskip“ en þau þekkjast vart í íslenskum höfnum. Ef átt er við skemmtiferðaskip skal á það bent að þau stoppa stutt í hverri höfn og vart hægt að tala um veru þeirra í höfnum landsins til lengri tíma.

Slíkar breytingar eins og hér er gerð tillaga um ætti ekki að gera nema að undangenginni skoðun á efnahag og samfélagi. Tekjur hafna Ísafjarðarbæjar af móttöku skemmtiferðaskipa eru umtalsverðar og eru tekjurnar í ár t.a.m. 450 m.kr., og skipta verulegu máli. Farþegar skemmtiferðaskipa skipta einnig miklu máli fyrir samfélag og ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum. Könnun sem gerð var árið 2018 um eyðslu ferðamanna sem komu til Ísafjarðarhafnar með skemmtiferðaskipum leiddi í ljós að hver farþegi eyddi að meðaltali 16 þ.kr. í ferðir og rúmum 11 þ.kr. í aðra neyslu í landi. Eyðsla áhafnarmeðlima var tæp 9. þ.kr. Ljóst er að um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, og þær þarf að taka inn í reikninginn þegar svona umfangsmikil breyting er gerð sem getur breytt ferðatilhögun skemmtiferðaskipa og farþega þeirra.

Ísafjarðarbær vonast til þess að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarfélagsins.

  
Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri  
